

LÖG GOLFKLÚBBSINS KEILIS

1. gr.

Félagið heitir Golfklúbburinn Keilir (GK) kennitala 680169-6919. Heimili þess og varnarþing er á Hvaleyri í Hafnarfirði.

2. gr.

Markmið Keilis er iðkun golfíþróttarinnar, rekstur og viðhald golfvalla og aðstöðu í því skyni.

3. gr.

Innganga er öllum frjáls, að fengnu samþykki klúbbstjórnar.

Stjórn skal ákveða hámarksfjölda félagsmanna hverju sinni miðað við þá aðstöðu til golfleiks sem félagið getur boðið hverju sinni. Æski fleiri félagsaðildar en unnt er að verða við skal setja umsækjendur á biðskrá. Stjórn skal setja og birta reglur um biðskrána.

4. gr.

Félagsgjöld, þar á meðal flatarfé, skulu ákveðast af stjórn félagsins strax er samþykkt fjárhagsáætlun liggur fyrir samkvæmt 13. gr. Stjórnin ákveður einnig gjalddaga og eindaga félagsgjalda. Hafi árgjald ekki verið greitt eða samið um greiðslu þess innan mánaðar frá eindaga þess er félagsstjórn heimilt að fella viðkomandi af félagaskrá og taka inn félagið af biðskrá í hans stað.

5. gr.

Stjórnin hefur heimild til að semja um gagnkvæm vallarafnot við aðra klúbba

6. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu ef hann verður uppvís að alvarlegu broti á reglum félagsins og fjórir af fimm stjórnarmönnum eru því samþykkir. Stjórnin skal þó ætíð gefa félagsmanni kost á að skýra mál sitt áður en ákvörðun er tekin.

7. gr.

Við golfleikinn skal farið eftir St. Andrews golfreglum eins og þær eru á hverjum tíma og þeim reglum sem GSÍ setur. Stjórnin getur sett sérreglur, staðarreglur, um leik, og um umferð og umgengni á golfvelli og í klúbbhúsinu á grundvelli þeirra reglna og annarra almennt viðurkenndra reglna á því sviði ef þörf krefur. Ef stjórn setur slíkar reglur skulu þær kynntar öllum félagsmönnum og öðrum viðkomandi á tryggilegan hátt.

8. gr.

Stjórn Keilis skipa sjö félagsmenn. Stjórnin skal kosin á aðalfundi. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, þrír hvert ár. Framboð til stjórnar skulu berast skrifstofu Keilis eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Heimilt er að hafa kosningar með rafrænum hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum og kys m.a. varaformann sem er staðgengill formanns. Fundargerðir skulu haldnar um fundarstörf stjórnar. Ársreikningar félagsins skulu skoðaðir og áritaðir af skoðunarmönnum reikninga sem skulu kosnir á aðalfundi félagsins eða endurskoðaðir af endurskoðunarfyrirtæki. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum í félaginu, nema annars sé getið í lögum þessum. Stjórn er ályktunarhæf þegar fimm stjórnarmenn sækja fund, þar á meðal formaður eða staðgengill hans. Verði atkvæði jöfn á stjórnarfundum telst tillaga að svo stöddu fallin og skal hún þá tekin til afgreiðslu að nýju eins fljótt og kostur er að viðstöddum öllum stjórnarmönnum. Kjörgengir til stjórnarstarfa eru allir lögráða félagsmenn. Atkvæðisrétt á félagsfundum og kjörgengi til annarra trúnaðarstafa hafa allir félagsmenn sem skuldlausir eru við klúbbinn og orðnir eru fullra sextán ára á fundardegi.

Stjórnarmenn skulu undanþegnir árgjöldum.

Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður ráðningarkjör hans.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnumörkun stjórnar.

9. gr.

Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn að höfðu samráði við stjórnina.

10. gr.

Félagsfund skal boða svo oft sem þurfa þykir og er stjórn Keilis skyld að boða fund er 10% fullgildra félagsmanna krefjast þess.

11. gr.

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald um málefni félagsins.

Aðalfund skal halda fyrir desemberlok ár hvert.

Til hans skal boða með mest fjögurra vikna og minnst 10 daga fyrirvara á tryggilegan hátt.

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um málefni félagsins sé löglega til hans boðað.

Í fundarboði skal greina sundurliðaða dagskrá.

Óheimilt er að taka ákvörðun um önnur mál en þau sem kynnt hafa verið í dagskrá fundarins.

12. gr.

Formaður stjórnar setur aðalfund og stýrir kjöri fundarstjóra og fundarritara.

13. gr.

Störf aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmd á síðastliðnu ári.
2. Reikningar lagðir fram til samþykkis.
3. Stjórnarkosning.
4. Kosning fulltrúa og varafulltrúa í þau samtök, sem Keilir er aðili að.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga eða endurskoðunarfyrtækis.
6. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykkis.
7. Önnur mál

Fundargerðir skulu haldnar um störf aðalfundar.

14. gr.

Á félagsfundum skal kjósa fundarstjóra og ritara

15. gr.

Stjórn klúbbsins og / eða 1/3 hluti Keilifélaga geta boðað til aukaaðalfundar.

Um aukaaðalfund gilda sömu reglur og um aðalfund, eftir því er við á.

16. gr.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 – tveggja þriðju hluta – mættra félagsmanna á aðalfundi eða aukaaðalfundi og skal tillögunnar hafa verið getið í fundaboði

17. gr.

Stjórnin getur boðað til félagsfundar ef hún telur þörf á. Stjórn er skylt að halda félagsfund ef 10% félagsmanna óskar þess. Slíkan fund skal halda innan þriggja vikna frá því að skrifleg og rökstudd beiðni hefur borist stjórninni. Um boðun félagsfundar fer samkvæmt reglum um aðalfund.

18. gr.

Reikningsár klúbbsins er 1. nóvember til 31. október.

19. gr.

Fyrir reglulegan aðalfund skal gera nákvæma fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, sem síðan leggst fyrir fundinn til staðfestingar.

Samþykki félagsfundar þarf til fjárfrekra framkvæmda sem ekki eru ákveðnar í fjárhagsáætlun.

20. gr.

Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og gildir um aðalfund. Fundurinn er ályktunarhæfur ef minnst helmingur félagsmanna sækir fundinn. Tillaga um slit telst samþykkt ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana.

Mæti ekki nægilega margir má boða til fundar á ný og halda hann innan þriggja vikna. Sá fundur er ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Samþykkt á aðalfundi 8. desember 2003, breytt á aðalfundi 9. desember 2014 (1. mgr. 8. gr.), 10. desember 2015 (4. gr, 8. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr., 18. gr., 19. gr., 20. gr.), 15. desember 2020 (8. gr., 11. gr. og 13. gr.), 6. desember 2022 (8. og 13. gr.), 3. desember 2024 (8. og 13. gr.)